



## Umsögn um 150. mál uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi

Febrúar 2016

Hjá Vegagerðinni vinnur nú starfshópur sem vegamálastjóri skipaði sl. haust að því að móta tillögur að aðkomu stofnunarinnar á næstu árum að frekari uppbyggingu og rekstri áningarstaða við vegakerfið og hvernig staðið skuli að þessum framkvæmdum, til hvers sé ætlast af Vegagerðinni, hvað henni er heimilt o.s.frv.

Aðkoma Vegagerðarinnar að bílastæðum og vegum að bílastæðum við ferðamannastaði hefur verið með ýmsum hætti í gegnum árin og einnig mismunandi eftir svæðum. Kallað er í auknum mæli eftir aðkomu Vegagerðarinnar að ýmsu, m.a. varðandi bílastæði og snyrtiaðstöðu, en í raun er ekkert í vegalögum sem tengir aðkomu Vegagerðarinnar að þessum áningarstöðum, þótt oft hafi verið álitid nauðsynlegt að byggja slíka þegar nýr vegur er lagður. Sama á við um keðjunarstaði, ýmis bílastæði, vigtunarstaði og jafnvel útskot eða annað til myndatöku, sem nú er kallað eftir.

Vegagerðin á nú og rekur tæplega 200 áningarstaði með einhverri aðstöðu til áningar og er þeim nokkuð jafn dreift um megin hluta vegakerfisins. Upplýsingaskilti eru á flestum þessara staða, um er að ræða skilti með yfirlitskortum sem höfða til þess sem áhugavert er fyrir nærliggjandi svæði, s.s., fróðleik um náttúru, sögu, menningu, umhverfi o.fl. Stöðum þessum er aðeins sinnt að sumarlagi.

Vegagerðin telur það ekki falla undir verksvið sitt að reka snyrtiaðstöðu á áningarstöðum sínum, en snyrtiaðstaða er þó á þremur þessara staða en Vegagerðin rekur aðeins einn þeirra og þá að sumarlagi.

Komi til þess, að ákveðið verði að koma upp og reka snyrtiaðstöðu á fleirum þessara staða þarf að koma til þess fjármagn annars staðar frá, t.d. frá þeim fjármunum sem eyrnamerkir eru ferðaþjónustunni, það rúmast ekki innan lögbundinna verkefna Vegagerðarinnar eða fjárveitinga til hennar. Hins vegar gæti Vegagerðin, frá sínum starfsstöðum um allt land, haft umsjón og eftirlit með þessum rekstri samhliða öðrum rekstri áningarstaðanna.